



2, 3.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Febr. 1907.

FASTAN.

„Nýtt ár er komið!“—sögðum við síðast. „Fastan er komin!“—segjum við nú. Svona er tíminn einlægt að breytast. Ekki að eins skiftast árin stöðugt á, heldur skiftast líka stöðugt á ýmsir tímar á hverju ári. Og flytur hver tími sinn boðskap.

Það er gagnlegt fyrir okkur. Við tökum þá betur eftir. Og það þarf að hjálpa okkur til að taka eftir, bæði börnum og fullorðnum. Við erum ekki of eftirtektargóð. Líka erum við öll svo undur gleymin.

Nú er það fastan, sem minnir okkur á. En á hvað? Á sjálfan hjartastað kristindómsins. Hver er hann? Fórnin mikla, sem Jesús færði guði fyrir okkur. Hann gaf sjálfan sig í dauðann fyrir okkur. Lagði þetta á sig til þess að frelsa okkur. Svona heitt elskaði hann okkur.

Um þetta talar fastan við okkur; því málið hennar, boðskapurinn hennar, er píslarsaga frelsarans. En sú heilaga saga sýnir okkur bezt, hvernig Jesús elskaði okkur og fórnaði sér algerlega fyrir okkur.

Lesið þið nú, börn mín, píslarsögu drottins Jesú. Og hugsuð um hana. Þið sjáið þá, hvað kærleikur Jesú kom honum til að gera fyrir ykkur. Þá fer kærleikurinn til hans að koma ykkur til þess að gera eitthvað fyrir hann.

Guð blessi ykkur og okkur öllum föstuna.

I GAVE MY LIFE FOR THEE.

Eftir Francis Ridley Havergal.

Arthur Sullivan

Eg lét mitt líf fyr' þig, er leið á krossi deyð, að

Íreksan fyrir mig þú fengir lífs á meid Eg lét, eg lét mitt

líf fyr' þig. Hvað læt - ur þú fyrir mig.

Eg lifði' alt líf mitt þér
 til lífs í þrautum kífs,
 að alt þér yrði hér
 að arði sælu-lífs.
 |: Eg lifði': | alt líf mitt þér.
 Hvort lifir þú svo mér?

Eg ljóssins hafnaði' höll
 og helgum engla söng,
 en hrepti skell og sköll
 og skapraun dægur löng.
 |: Eg skifti': | um það fyr' þig.
 En þú um hvað fyr'mig?

Eg þoldi bitrast böll.
 Þitt böll lá alt á mér,
 öll dauðans dimma kvöll,
 svo dægur rynni þér.
 |: Eg þar: | þitt böll fyr' þig.
 Hvað berðu svo fyr' mig?

Mins föður frelsis-ráð
 eg færði þér á jörð,
 hans líkn og ljós og náð,
 þá lífsins sáttargjörð.
 |: Eg frið: | inn færði þér.
 Hvað færir þú svo mér?

Mér ljáðu líf og sál.
 Mér lát þitt alt í té.
 Ei tæli nokkurt tál.
 Eg traust og líf þitt er.
 |: Þér gef: | eg mig og mitt.
 Gef mér svo þig og þitt.

FÓRN.

Það var í Júní 1904, að gufuskipið „Norge“ rakst á klett í Atlanz-hafinu og sökk. Fjöldi farþega, sem á því voru, fórst þá. Meðal annarra farþega á skipinu voru tvö systkin sænsk. Hann var 17 ára, en hún eitthvað yngri. Hún hefur sjálf sagt þessa sögu:—

Bróðir minn, hinn eini sem eg átti, 17 ára gamall, og eg vorum á leið til Ameríku til frænda okkar eins þar. Þegar skipið fór að sökkva, dró hann mig upp á þilfarið og leiddi mig þangað, sem bátarnir voru. Hann hélt fast utan um mig; annars hefði eg lent undir fótunum á fólkinu og tróðist undir. Hann sagði eitthvað við mennina, sem voru að koma fólki ofan í næsta bátinn. En eg gat ekki heyrt, hvað það var. Sv. tók hann um mig, lyfti mér yfir borðstokkinn og fékk mig niðnumum, sem tóku við mér og létu mig ofan í bátinn. Mér datt ekki annað í hug en að bróðir minn kæmi sjálfsagt á eftir mér ofan í bátinn. En undir eins var róð á stað með bátinn. Og þegar eg leit upp, sá eg hann standa á þilfarinu og veifa til mín. Enginn veit, hvað eg tók út af því að sjá hann þarna, elsku-bezta bróðurinn minn, og hugsa um það, að hann fórnaði lífi sínu fyrir mig.“

En Jesús þá, sá blessaði bróðir okkar, sem fórnaði lífi sínu fyrir okkur — ætti hann ekki skilið að eiga elsku okkar allra? Hefði hún ekki verið ljót, systirin, ef hún hefði tilfinningalaust horft á bróður sinn uppi á þilfarinu? Erum við þá ekki ljót, ef við tilfinningalaust hugsum um „Jesúm bróður bezta“ fórnandi sjálfum sér fyrir okkur?

En munum—eintóm tilfinning er einskis nýt.

ENN UM FÓRN.

Það er til fólk, sem hefur verið sjúkt og í dauðans hættu, en hefur læknastr fyrir það, að heilbrigðu blóði hefur verið spýtt inn í æðarnar á því. Einhver heilbrigður maður, sem nógu vænt hefur þótt um hinn sjúka, hefur þá fengist til þess

að láta taka sér blóð fyrir hann. Hann hefur þá gefið honum af blóði sínu, til þess að hann gæti fengið heilsuna áftur. Og sá, sem notið hefur slíkrar fórnar vinar síns og fyrir hana orðið heilbrigður — honum mun þykja enn þá vænna um vin sinn eftir á en áður.

Nú hefur Jesús, vinurinn okkar mesti og bezt, elskað okkur öll nógu mikið til þess að úthella blóði sínu fyrir okkur. Og blóðið hans lækna okkur öll, sem á hann trúum. Við fáum ekki að eins fyrir það fyrirgefning synda okkar, heldur fáum við líka fyrir það *nýtt líf*. *Nýja lífið er nýi kærleikurinn.*

VAR FAD FALLEGT?

Stúlka ein í Winnipeg var að læra músík. Kennarinn hennar heimtaði, að sér yrði borgað, hvort hún kæmi í kenslustundirnar eða ekki. Nokkrum sinnum hafði hún vanrækt að koma, auk þess sem hún hafði verið löt við að æfa sig. Einu sinni sem oft er móðir hennar að ámálga það við hana að æfa sig. Líka segir hún það við hana, að hún vilji ekki vita af því frammar með neinu móti, að hún vanræki að fara til kennarans í kenslustundirnar. Hún vilji ekki borga út peninga fyrir hana fyrir ekki neitt. Stúlkan svarar og er mjög hortug og segir: „Ef þú ætlar að vera svona uppástöndug, mamma, þá get eg líka verið það. Eg hætti þá algerlega við að læra.“

Það var skelfilega ljótt, að svara henni mömmu sinni svona. En það var líka flónska. Því stúlkan var ekki að læra fyrir hana mömmu sína. Hún var að læra fyrir sjálfa sig. Og mamma hennar vildi henni að eins vel.

MÆÐUR.

Napóleon mikli á einu sinni að hafa spurt hefðarfrú eina: „Frú! segið mér, hvað það er, sem æskulýðurinn franski þarf helst.“ — „Mæður!“ — svaraði hún. „Alveg rétt!“ — sagði keisarinn.

Æskulýður hveurrar þjóðar þarf einmitt þess helst. Þá æskulýðurinn íslenzki.

Það er ekkert, sem getur komið í staðinn fyrir móðurina. Ekkert, sem getur haft þau áhrif á barnið til góðs, sem hún. Hún er sú besta til að uppala barnið, móta það og láta úr því verða það, sem úr því getur orðið. Þess vegna ríður á því, að hún skilji, hvað það er að vera móðir, kunní að vera móðir og vilji vera móðir.

Ef við eigum að hafa góð íslenzk börn og góðan íslenzkan æskulýð, þá þurfum við að eiga góðar mæður — mæður, sem vinna að því með orði og verki og með lífi sínu, að börnin þroskist sem kristin börn, vaxi sem lifandi greinar á lífsins tré, drotni vorum Jesú Kristi.

Íslensku mæður! hugsid um köllun ykkar. Íslensku mæður! biðjið drottin að hjálpa ykkur til þess að vera mæður eftir hjarta hans.

HÆTTULEGUR FÉLAGSKAPUR.

Lilja var oft með stúlku einni, sem hét Ljót. Mamma hennar segir einu sinni við hana: „Lilja mín! þér þykir gaman að vera með henni Ljót. Eg er hrædd um, að þú hafir ekki gott af því. Eg vildi fegin, að þú fengir þér aðra vinstúlku.“

„Æ, mamma!“—svarar Lilja—„mér þykir svo vænt um hana. Og eg er viss um, að hún gerir mér ekkert ilt.“

Móðir hennar tók þá töng og með henni tók hún upp mola af kolum af arninum. Hún heldur kolinu að dóttur sinni og biður hana að koma við það. Lilja að eins kemur við það með fingurgómnum einum. Kippir hendinni svo burtu. Móðir hennar segir þá við hana með mestu hægð:

„Lilja mín! hluturinn sá arna er að kenna þér lexíu. Kolið að tarna brendi þig ekki, en það *sverti* þig. Og þú varst ekki hrædd við það af því það myndi meiða þig, heldur vegna þess að þú vissir, að það myndi *sverta* þig. En þú vilt vera hrein. Það eru til vinir, sem ekki væri rétt að kalla vonda. En hægt

er þó að óhreinkast af þeim. Það eru þau áhrif, sem eg óttast að Ljót geti haft á þig. Eg vil ekki segja, að hún sé það, sem kallað er *vond stúlka*. Hún vill ekki gera þér neitt ilt. En áhrifin hennar á saklausu litlu stúlkuna mína óttast eg að geti orðið hin sömu og kolanna, sem *óhreinka*. Eg vil ekki, að *Liljan* mín óhreinkist og verði ljót.“

Lilja kysti mömmu sína.

HUGREKKI.

Fyrir fáum árum var hópur af mönnum að vinna að aðgerð járnbrautar á Englandi norðanverðu. Þegar þeir sjá hraðlestina koma, hlaupa þeir undan, en gá að um leið og þeir snúa sér við, að orðið hefur eftir verkfæri eitt, sem brúkað var við lagfæring járnbrautarteinanna, og er það rétt fyrir lestinni. Auðséð er, að slys muni verða og manndauði. Einn úr hópnunum hleypur þá til baka. Hann hét Jakob. Losar hann verkfærið og nær því af brautinni; en rétt í því hann er búinn kemur lestin. Hann fékk ekki tíma til að forða sér. Lestin rekst í hann. Hún deyðir hann ekki; en meiðsli fékk hann af fyrir alt lífið. En aldrei iðrast hann þess. Hann hafði gert skyldu sína og orðið verkfæri til þess að frelsa líf fjölda manna.


LJÓDIN, sem prentuð eru hér að framan, eru regluleg föstuljóð. Þau eru fallegust fyrir það, hvað átakanlega vekjandi spurningarnar eru, sem komið er þar með til samvisku hvers okkar. Jesús er látinn spyrja, hvað við *gerum* og *viljum* gera fyrir *hann*, sem alt hefir gert fyrir okkur.

Æ! við þurfum að finna til þess, hvað *lítið* við gerum fyrir *hann*, sem alt hefir gert fyrir okkur. En þá líka finna til þess svo, að við förum að gera meira. Tilfinningin þarf að verða að verki, ef hún á að vera til nokkurs. Ætti lagið, sem fylgir ljóðunum, að ýta undir með þeim og ýta okkur á stað til þess að gera meira.

Ljóðin hafa áður birst á prenti á íslenzku—flest versin, í „Frækornum“, 5. árg. En í allt annarri þýðingu.

PASSIUSÁLMARNIR.

Gleymio ekki passíusálmunum hans Hallgríms Péturssonar. Lesið þá og syngið úr þeim. Það eru bestu sálmarnir, sem við eigum til.



TIL GAMANS.

Hinrik litli (sex ára gamall): „Mamma, eg vildi eg væri tvíburi.“

„Því þá það, barnið mitt?“

„Sérðu, mamma! Þá væri hægt að senda annan helminginn í skólann, en hinn gæti farið niður að ánni og fiskað.“

Einu sinni kom lítill drengur í skólann, og var óhrein um hendurnar. Kennarinn ávitaði hann fyrir það, og sagði við hann: „Pétur litli, þú átt að þvo þér áður en þú ferð að heiman. Hvað myndir þú segja, ef eg kæmi í skólann með óhreinar hendur?“

„Eg myndi hreint ekki segja neitt“—svarar drengur; „því eg skifti mér aldrei af því, sem mér kemur ekki við.“

Hann vissi það. — Kennarinn: „Heyrðu mig, góðurinn minn litli! Þú getur sagt mér, hvað klæði er? — Úr hverju er treyjan þín búin til?“ — Hans litli: „Treyjan mín? Nú, hún er búin til úr buxunum hans pabba míns.“

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. Sigrbjörn A. Gíslason í Reykjavík er aðal-umboðsmaður „Sam.“ á Íslandi.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaður „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.
Canada.